

Þakklátir fyrir stuðning Íslands

● Pólverjar vilja stórauka nýtingu jarðhita sem er víða að finna í landi þeirra ● Uppbyggingarsjóður EES kemur að stórum verkefnum ● Vilja njóta sérþekkingar og reynslu Íslendinga af jarðhita

Guðni Einarsson
gudni@mbi.is

Pólverjar vinna að því að draga úr notkun kola og gass og færa sig yfir í umhverfisvænni orkugjafa, eins og jarðhita, að sögn Michals Kurtyka, ráðherra loftslags- og umhverfismála í Póllandi. Hann kveðst vera ánægður með samstarf Pólverja og Íslendinga í orkumálum, ekki síst varðandi nýtingu á jarðhita sem er víða að finna í Póllandi. Pólverjar stefna að því að minnka árlega losun

koltvíoxíðs (CO₂) um 600.000 tonn næstu ár.

„Pólland er að færa sig í áttina að grænum og sjálfbærum lausnum í orkumálum,“ segir Kurtyka við Morgunblaðið. „Við höfum séð mikinn vöxt í



Michał Kurtyka

notkun endurnýjanlegrar orku. Í júní síðastliðnum fögnuðum við því að við höfðum yfir að ráða tíu þúsund megavatta afli frá grænni orku. Við erum samt enn langt frá þeim árangri sem við getu mögulega náð. Alþjóðaorkustofnunin áætlað að á árunum 2019 til 2024 muni afkasta-geta endurnýjanlegra orkugjafa í Póllandi aukast um 65%. Þetta setur landið í fremstu röð ESB-ríkja varðandi aukningu í notkun endurnýjanlegrar orku.“

Vænta mikils af samstarfi

Kurtyka segir að Pólverjar leiti orkugjafa sem eru hagfelldir loftslagsmarkmiðum. Þess vegna vænta þeir mikils af samstarfi við Íslendinga á sviði jarðhitannýtingar.

Þótt jarðhitaauðlindir Póllands séu ef til vill ekki sambærilegar við jarðhitann á Íslandi að umfangi felist engu að síður í þeim umtalsverðir möguleikar til orkunýtingar. Mikilvægt sé að fá að njóta reynslu og þekkingar Íslendinga á þessu sviði. „Við tökkum með þökkum þeim



Ljósmynd/Orkustofnun

Pólland Samstarfsmenn frá Íslandi, Póllandi, Noregi og EFTA-skrifstofunni skoða hitaveituna í Zakopane.

stuðningi sem við fáum frá Íslendingum í gegnum Uppbyggingarsjóð EES. Þeim fjármunum er m.a. beint til jarðhitaverkefna,“ segir Kurtyka. Hann segir að samstarf Orkustofnunar og pólskrar stofnunar sem fer með orkumál hafi reynst mjög gott og árangursríkt.

Nú stendur yfir önnur áætlun Uppbyggingarsjóðs EES (2014-2021) en hún nær m.a. til orkumála. Efnt var til útboðs verkefna á sviði jarðhita og lítilla vatnsaflsvirkjana á vegum samkvæmt umhverfis-, orku- og loftslagsáætlun sjóðsins, sem var slegið saman í eina áætlun fyrir Pólland. Áætlunin er sú allra stærsta sem varðar þennan málaflokk á vegum sjóðsins. Verja á 140 milljónum evra til áætlunarinnar úr sjóðnum og auk þess mun Pólland leggja fram sömu fjárhæð í mynd lána og styrkja. Heildarfjármagnið verður því 280 milljónir evra eða um 45

milljarðar króna. Fjármagn kemur úr fleiri áttum og getur því heildarumfang verkefnanna mögulega orðið allt að því 73 milljarðar króna.

Upphaflegur skilafrestur er liðinn en loftslags- og umhverfisráðuneyti Póllands ákvað að framlengja hann fram á gamlársdag vegna tafa á undirbúningsvinnu í heimsfaraldrinum. Miðað er við að þessum verkefnum ljúki í apríl 2024. Þau snúa m.a. að uppbyggingu hagkvæmrar nýtingar jarðhita á miklu dýpi. Reynist það hagkvæmt er hugmyndin að nota jarðhita til rafmagnsframleiðslu en þó fyrst og fremst til húshitunar. „Mesta orkunotkun pólskra heimila er vegna húshitunar,“ segir Kurtyka.

Víða í Póllandi eru fjarvarmaveitur sem fengið hafa hitaorku úr kolum eða gasi. Dreifikerfi fyrir heitt vatn er því til. Það er stórt skref ef hægt er að skipta í endurnýjanlegan

orkugjafa sem ekki losar gróðurhúsagás. Búið er að kortleggja mörg jarðhitasvæði í Póllandi. Kurtyka segir að nú þegar séu ýmis tilraunaverkefni í gangi. Þannig er stærsta jarðhitaveita til húshitunar í löndum ESB í bænum Zakopane og nágrenni við rætur Tatra-fjalla syðst í Póllandi. Ráðherrann segir að það geti verið kalt þarna í fjöllum og borgarbúar hafi gjarnan hitað upp með því að brenna kolum í gömlum kötlum, sem er ekki umhverfisvænt. Vilji er til að hætta kolabrennslunni og auka nýtingu jarðhita. Víðar í Póllandi er heitt vatn að finna og segir Kurtyka að vilji sé til að auka nýtingu þess eins mikið og mögulegt er.

„Við viljum að borgir okkar verði „grænni“. Meira en 23 milljónir Pólverja búa í borgum og við viljum að borgirnar verði betri til búsetu með því að stækka almenningsgarða,

MICHAŁ KURTYKA

Hagfræði og loftslagsmál

Michał Kurtyka, ráðherra loftslags- og umhverfismála í Póllandi, lauk námi frá École Polytechnique í París, fékk styrk við National Institute of Standards and Technologies í Bandaríkjunum og vann þar undir leiðsögn William D. Phillips, Nóbelsverðlaunahafa í eðlisfræði. Hann lagði stund á hagfræði hjá Jean Tirole, Nóbelsverðlaunahafa í hagfræði. Kurtyka nam við háskólann í Louvain-la-Neuve, lauk meistaraáráðu frá SGH-hagfræðiskólanum í Varsjá og varði doktorsritgerð við Háskólann í Varsjá. Hann tók við ráðherradómi í orkumálaráðuneyti Póllands 2016 og núverandi ráðherraembætti 2018.

verja þær fyrir flóðahættu og útvega borgarbúum hreina orku,“ segir Kurtyka. Í því felst m.a. að opinberar byggingar og skólar verði hituð á umhverfisvænni máta en nú. Einnig þarf að draga úr losun gróðurhúsalofts frá samgöngum.

„Um 60% mengunar í miðborg Varsjár koma ekki frá húshitun heldur frá samgöngum. Þess vegna erum við að breyta almenningssamgöngum þannig að engin losun verði t.d. frá strætisvögnum. Þetta er mjög metnaðarfull áætlun hér í Póllandi,“ segir Kurtyka.

Hann kveðst vona að Pólverjum takist að kanna jarðhitaauðlindir sínar betur í góðri samvinnu Íslendinga og Pólverja og að auka nýtingu þeirra með nýjustu tækni. Undir ráðuneyti hans heyrir málefni jarðvísinda í Póllandi og hann kveðst hafa áhuga á að gert verði átak í jarðhitarannsóknum í landinu.